



249. fundur

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 24. janúar kl. 13:00
Fundarmenn

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Hlynur Snæbjörnsson, Hanna Jóna Stefánsdóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.

Starfsmenn

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir

1. Leikskólinn Barnaborg - 180407

Undirbúningur framkvæmda, vegna flutnings leikskólans Barnaborgar yfir í Þingeyjarskóla, stendur nú yfir. Sveitarstjóri kynnti tillögur að teikningum sem eru til umræðu og kynningar í skólunum. *Samþykkt að leggja fyrirliggjandi teikningar fyrir skólaráð og Fræðslunefnd til umfjöllunar.*

2. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerðir - 1804018 Lögð fram 109. fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 17.01.2019. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 7 liðum.

1. liður fundargerðar; Eyjadalsvirkjun, umsókn um heimild til skipulagsgerðar og ósk um breytingu á aðalskipulagi. *Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa samhlíða, tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi eins og 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010 mæla fyrir um að lokinni athugun Skipulagsstofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi. Ítarlegri gögn hafa nú þegar borist.*

2. liður fundargerðar; Þeistareykjavirkjun, breyting á deiliskipulagi. *Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar að fresta afgreiðslu á færslu borsvæðis B-D en samþykkir að breytingartillagan verði að öðru leyti grenndarkynnt fyrir Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Landgræðslunni sem óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en framkvæmdaaðila og sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa málsmeðferð vegna grenndarkynningarinnar eins og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

3. liður fundargerðar; Erindi frá Hellarannsóknarfélagi Íslands. *Sveitarstjórn samþykkir að boða fulltrúa Hellarannsóknarfélagsins til sameiginlegs fundar sveitarstjórnar og Skipulags- og umhverfisnefndar til frekari umræðna um samstarf, verndun, varðveislu og hugsanlega nýtingu hraunhella í landi sveitarfélagsins.*

4. liður fundargerðar; Umsókn um framkvæmdaleyfi v/malartöku í landi Víðivalla. *Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Þingeyjarsveit farið yfir tilkynningu framkvæmdaaðila. Niðurstaða sveitarfélagsins er að malartaka í landi Víðivalla sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur til dags. 28.02.2019. Sveitarstjórn samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn Vegagerðarinnar og felur skipulagsfulltrúa að afla hennar og gefa út framkvæmdaleyfið skv. 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

5. liður fundargerðar; Aðalskipulag Skútustaðahrepps, breyting vegna söfnunar skólps, hreinsunar og nýtingar á Hólasandi. *Sveitarstjórn leggst ekki gegn breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna söfnunar skólps, hreinsunar og nýtingar á Hólasandi.*

Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar í 7. lið og þakkar Bjarna Reykjalin vel unnin störf og gott samstarf á undangengnum árum. Fundargerðin staðfest að öðru leyti. Jóna Björg tók ekki þátt við afgreiðslu 1. liðar vegna vanhæfis.

3. Samband íslenskra sveitarfélaga - Umboð til kjarasamningsgerðar - 1901021

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 4.12.2018 vegna endurnýjunar á kjarasamningsumboði til samræmis við núverandi stöðu. Óskað er eftir að uppfært kjarasamningsumboð samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar verði sent til kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga áframhaldandi kjarasamningsumboð.

4. Merki sumarhús - Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi - 1901029

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 22.01.2019 þar sem Stefán Tryggvason sækir um rekstrarleyfi, flokkur II gististaður án veitinga, í Merki sumarhús í Þingeyjarsveit. *Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnareftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007. Hlynur tók ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.*

5. Stórutjarnaskóli - Umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi - 1901030

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 21.01.2019 þar sem Elín Eydal sækir um tímabundið tækifærisleyfi vegna

Þorablóts Fnjóskdæla í Stórutjarnarskóla í Þingeyjarsveit.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt tækifærisleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnareftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

6. Félagsheimilið Breiðamýri - Umsögn um umsóknar um tækifærisleyfi - 1901031

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 21.01.2019 þar sem Borgar Þórarinnsson sækir um tímabundið tækifærisleyfi vegna þorablóts Reykdæla í félagsheimilinu Breiðumýri í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt tækifærisleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnareftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

7. Landsáætlun; Umsókn um rekstrarstyrk vegna Goðafoss - 1901027

Erindi til verkefnisstjórnar Landsáætlunar, dags. 21.01.2019 um rekstrarstyrk vegna Goðafoss lagt fram til kynningar.

8. Héraðsnefnd Þingeyinga: Fundargerðir - 1804023

Fundargerðir 11. og 12. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyingar lagðar fram til kynningar.

9. EYÞING: Fundargerðir - 1804005

Fundargerðir 315. og 316.

fundar stjórnar Eyþings lagðar fram til kynningar.

10. Mín framtíð 2019 - Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning - 1901020

Mín framtíð 2019 - Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning lagt fram til kynningar.

11. Umboðsmaður barna - Þing um málefni barna nóvember 2019 - 1901022

Umboðsmaður barna - Þing um málefni barna nóvember 2019 lagt fram til kynningar.

5. tbl.
30. janúar
2019
26 árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Þorablót Fnjóskdæla

Verður haldið í Stórutjarnaskóla
laugardaginn 9. febrúar 2019

hefst kl 20:30, húsið opnar 19:30

**Miðaverð er 3000 kr.
Enginn posi á staðnum.**

Allir koma með eigin trog og hnifapör en diskar, servíettur og glös verða á staðnum.

Gosdrykkir og sælgæti til sölu á staðnum. **Enginn posi.**

Hljómsveitin **Gourmet** leikur fyrir dansi.

Aldurstakmark 16 ár.

**Skráningar til kl 12:00 fimmtudaginn
7. febrúar hjá eftirtöldum:**

Elín s: 4626974 gsm: 8456974

Silja gsm: 6699497 netf. siljarunarsdottir@gmail.com

Hulda s: 4626936 gsm: 8468675 netf. hbk@simnet.is

Sindri gsm: 8668489 netf. sindrigeir@gmail.com

Ásgeir gsm: 8926664 netf. asgeirfornholum@gmail.com

Valgeir s. 4612868 gsm 8942868 netf. valgeir@skogur.is

